


# Stefnumörkun

Samband íslenskra sveitarfélaga 2011—2014



Stefnumörkunin var samþykkt á fundi stjórnar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
29. apríl 2011

*Stefnumörkunin nær til flestra meginþátta í starfsemi sambandsins og sveitarfélaga og á að nýtast sem sterk leiðsögn við ákvörðunartöku stjórnar og vinnu starfsmanna sambandsins næstu þrjú ár og fyrir þá fulltrúa sem tilnefndir eru á þess vegum í nefndir, ráð og stjórnir*

---

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA  
Reykjavík apríl 2011

## 1. Meginmarkmið og leiðarljós

### 1.1. Sjálfstjórn sveitarfélaga

- 1.1.1. Sjálfstjórn sveitarfélaga skal viðurkennd og tryggð í reynd á grundvelli ákvæða í landslögum, stjórnarskrá og sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga.
- 1.1.2. Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna sem skal virða.

### 1.2. Tekjustofnar og tekjur sveitarfélaga

- 1.2.1. Sveitarfélögum skulu tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin í stjórnarskrá og lögum. Þeir skulu vera nægjanlega fjölbættir og sveigjanlegir í eðli sínu svo þeir geti staðið undir þeirri fjölbreyttu þjónustu sem íbúar þeirra kalla eftir.
- 1.2.2. Skattlagning af hálfu sveitarfélaga skal vera hófleg og byggja á því að ábyrgðar og hagkvæmni sé gætt við framkvæmd og fjármögnun þjónustunnar.
- 1.2.3. Nýta skal jöfnunarkerfi til að gera öllum sveitarfélögum kleift að sinna lögboðnum verkefnum með sambærilegum hætti.

### 1.3. Verkefni sveitarfélaga

- 1.3.1. Verkaskipting í opinberri stjórnsýslu skal miðast við að sveitarfélögin annist nærþjónustu enda geti þau nýtt sér þá þekkingu sem þau hafa á nærsamfélaginu með tilheyrandi möguleikum á sveigjanlegum lausnum við framkvæmd þjónustunnar.
- 1.3.2. Lögð skal áhersla á að haft verði fullt samráð við sveitarfélögin um lagabreytingar á skipulagi almannaþjónustu, sem þeim er falin framkvæmd á með lögum.
- 1.3.3. Sú meginregla skal viðurkennd að kveðið sé á um verkefni sveitarfélaga í ramma- og markmiðslögum þannig að þau hafi svigrúm til staðbundinnar aðlögunar við framkvæmd þeirra.
- 1.3.4. Fylgt verði eftir meginmarkmiðum sjálfbærrar þróunar, þ.e. félagslegu réttlæti, ábyrgri fjármálastjórn, varðveislu lífvænlegs umhverfis og náttúru landsins, íbúum til hagsbóta.

### 1.4. Lýðræði, mannréttindi og mannauður

- 1.4.1. Sveitarstjórnarstigið sé hornsteinn lýðræðis og mannréttinda.
- 1.4.2. Sveitarfélög verði samfélög án aðgreiningar. Stefnt skal að því að jafnréttis- og jafnræðissjónarmið verði fléttuð inn í alla stefnumótun sveitarfélaganna og í lagasetningu sem snýr að sveitarfélögunum. Stefnt skal að því að eyða allri mismunun, svo sem vegna búsetu, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.
- 1.4.3. Íbúar sveitarfélaga eigi kost á samfelldri og heildstæðri velferðarþjónustu sem skipulögð er með þarfir íbúanna í huga.
- 1.4.4. Stefna sveitarfélaga í mannauðsmálum myndi skýra umgjörð um þau starfsskilyrði sem þau bjóða starfsmönnum sínum. Kappkostað skal að rækta sem best þann mannauð sem í starfsmönnum býr þannig að hver þeirra fái notið hæfileika sinna svo þeir geti betur sinnt starfi sínu, sjálfum sér og starfseminni til hagsbóta. Gætt skal jafnréttis milli kvenna og karla og að hver starfsmaður sveitarfélaga verði metinn á eigin forsendum.

## 2. Hlutverk sambandsins er m.a.:

- 2.1. Að styrkja íslenska sveitarstjórnarstigið og stuðla að framþróun þess.
- 2.2. Að koma fram sem málsvari íslenskra sveitarfélaga.
- 2.3. Að standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna og hafa frumkvæði að því að ná fram sameiginlegum hagsmunamálum þeirra.
- 2.4. Að vera fulltrúi íslenskra sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum sem erlendum aðilum er láta sig sveitarstjórnarmálefni varða.
- 2.5. Að sjá til þess að stefnumörkun landsþinga sambandsins sé framfylgt og að starfsemi sambandsins sé á hverjum tíma hagað í samræmi við samþykktir þess.
- 2.6. Að þjóna sveitarfélögum á sviði mannauðsmála og vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess.
- 2.7. Að þjóna sveitarfélögum sérstaklega á sviði stjórnsýslu, skólamála, félagsþjónustu, skipulags- og umhverfismála, hag- og upplýsingamála, alþjóða- og þróunarmála og á öðrum þeim sviðum sem sveitarfélög kalla eftir í takt við þróun og breytingar í umhverfi þeirra.
- 2.8. Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og útgáfu- og upplýsingastarfsemi fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga og nýta til þess nýjustu tækni eins og kostur er hverju sinni.
- 2.9. Að safna og miðla samtímaupplýsingum um starfsemi sveitarfélaga og stuðla að rannsóknnum á málefnum þeirra.
- 2.10. Að stunda góða starfshætti, skilvirkni og vönduð vinnubrögð.

### 3. UNDIRMARKMIÐ OG LEIÐIR

#### 3.1. Kjaramál

##### Sambandið skal:

- 3.1.1. Veita sveitarfélögum faglega ráðgjöf og þjónustu á sviði vinnumarkaðsmála og eiga gagnvirkt samráð við sveitarfélög á því sviði.
- 3.1.2. Styðja sveitarfélög í að sinna vinnuveitendahlutverki sínu.
- 3.1.3. Vinna að því að kostnaðarauki sveitarfélaga vegna kjarasamninga taki mið af fjárhagsgetu þeirra og almennri kjarþróun.
- 3.1.4. Gæta þess að kjarasamningar sveitarfélaga séu í samræmi við efnahagsleg markmið hverju sinni.
- 3.1.5. Tryggja jafnræði í launasetningu starfsmanna sveitarfélaga þ.e. að sambærileg og jafnverðmæt störf séu launuð með sama hætti óháð kynferði, búsetu eða stéttarfélagasáild.
- 3.1.6. Þróa starfsmatskerfið SAMSTARF og fjölga samstarfsaðilum um verkefnið.
- 3.1.7. Stefna að samræmingu almennra grunnþátta kjarasamninga.
- 3.1.8. Draga eins og kostur er úr ákvæðum kjarasamninga sem eru ákvarðandi um fyrirkomulag og framkvæmd starfsemi einstakra rekstrareininga.
- 3.1.9. Auka sveigjanleika kjarasamninga til að mæta þróun í starfsemi einstakra rekstrareininga.
- 3.1.10. Auka hvata til viðurkenndrar sí- og endurmenntunar í kjarasamningum.
- 3.1.11. Efla kjararannsóknir.
- 3.1.12. Taka þátt í og efla samstarf aðila vinnumarkaðarins.
- 3.1.13. Vinna að endurskoðun lífeyriskerfisins í samvinnu við aðra aðila vinnumarkaðarins.

#### 3.2. Tekjur sveitarfélaga

##### Sambandið skal vinna að því að:

- 3.2.1. Breikka og styrkja tekjustofna sveitarfélaga.
- 3.2.2. Endurgreiðsla virðisaukaskatts sem leggst ofan á almenna starfsemi og fjárfestingar sveitarfélaganna verði tekin til gagn Gerrar endurskoðunar með það að markmiði að starfsemi sveitarfélaganna myndi ekki skattstofn fyrir ríkið. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna kaupa sveitarfélaga á slökkvi- og björgunarbúnaði verði komið í ásættanlegt horf.
- 3.2.3. Ríkisvaldið beri eðlilegan og sanngjarnan hlut í kostnaði við refa- og minkaveiðar.
- 3.2.4. Endurgreidd verði 1,65 prósentustig af tryggingagjaldi til sveitarfélaganna.
- 3.2.5. Sveitarfélög fái aukna hlutdeild í gjöldum af umferð í þéttbýli, umhverfissköttum og hlutdeild í kolefnisgjaldi. Útfæra þarf hlutdeildina og útgreiðslu til sveitarfélaga með hliðsjón af vistvænum almennings-samgöngum.
- 3.2.6. Við skattkerfisbreytingar sé horft til þess hvernig megi tryggja að sveitarfélög fái réttláta hlutdeild í skattlagningu fyrirtækja og arðgreiðslum til eigenda þeirra.
- 3.2.7. Beinar tekjur sveitarfélaga hækki, annað hvort með því að hámarksútsvar verði hækkað um 0,25 prósentustig árið 2013 og aftur um 0,25 prósentustig árið 2014, eða með öðrum jafnverðmætum hætti, enda lækki tekjuskattur ríkisins samsvarandi.

- 3.2.8. Skoða kosti og galla blandaðrar leiðar við endurskoðun stofns til álagningar A-hluta fasteignaskatta. Annars vegar verði byggt á fasteignamati eins og það er í dag og hins vegar verði byggt á fermetrafjölda íbúðarrýmis eða öðrum atriðum, svo sem brunabótamati eða endurstofnverði sem hafa í för með sér jafnandi áhrif á álagningu fasteignaskatta. Jafnframt verði könnuð áhrif þess að fella niður allar undanþágur frá álagningu fasteignaskatts og öll mannvirki verði metin til fasteignamats.
- 3.2.9. Kannað verði til hlítar að öll framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem hafa jöfnunartilgang, þ.e. öll framlögin í svokallaðri A-deild, verði sameinuð í eitt samræmt jöfnunarframlag til sveitarfélaga. Þróað verði nákvæmt útgjaldamælingarkerfi sem gefur nauðsynlegan grunn til að skilgreina og meta útgjaldþörf sveitarfélaga vegna lögbundinna og venjubundinna verkefna, sem og vegna annarra tiltekinna þátta sem hafa áhrif á útgjaldþörf. Tekið verði mið af hámarksskatttekjum einstakra sveitarfélaga af útsvari og fasteignaskatti, en þörf fyrir framlög úr jöfnunarsjóði ræðst af því hve mikið vantar upp á til að tekjur dugi fyrir skilgreindum mældum gjöldum. Ekki verði veitt framlag ef útgjaldþörf er minni en þær skatttekjur sem ákveðið verður að miða við.
- 3.2.10. Að sveitarfélög verði upplýst tímanlega um áhrif hugsanlegra breytinga á reglum jöfnunarsjóðs á framlög til þeirra. Jafnframt verði unnið að því að upplýsingar um árleg framlög jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga berist í tæka tíð fyrir gerð fjárhagsáætlana.
- 3.2.11. Festa varanlega sérstakt 1.200 m.kr. framlag ríkisins til jöfnunarsjóðs í stað aukaframlags og verja því árlega til illa stæðra sveitarfélaga. Það hlutfall tekna ríkissjóðs sem varið er til jöfnunarsjóðs hækki sem þessari fjárhæð nemur.

### **3.3. Rekstur og þjónusta**

#### **Sambandið skal:**

- 3.3.1. Vinna að markvissri forgangsriðun opinberrar þjónustu til að árangri verði náð í opinberum rekstri. Studdar verði hugmyndir sem miða að því að meta skipulega hvar hægt er að draga úr þeim kröfum sem lagðar eru á sveitarfélögin við opinbera þjónustu. Móta tillögur um hvaða verkefnum er hægt að létta af sveitarfélögunum, a.m.k. tímabundið.
- 3.3.2. Vinna áfram að úttekt á möguleikum á auknu samstarfi sveitarfélaga og samstarfi ríkis og sveitarfélaga að framþróun rafrænnar stjórnsýslu og að hagnýtingu upplýsingatækni í samskiptum þeirra við íbúana.

### **3.4. Samskipti ríkis og sveitarfélaga**

#### **Sambandið skal:**

- 3.4.1. Taka upp viðræður við ráðuneyti sveitarstjórnarmála um hvernig áfram megi vinna að eflingu sveitarstjórnartígsins.
- 3.4.2. Vinna að því að bundnar verði í lög samskiptareglur ríkis og sveitarfélaga með það að leiðarljósi að samskiptin verði bæði öguð og formföst, stjórnsýsla hins opinbera batni og eflur verði gagnkvæmur skilningur á viðfangsefnum og þörfum hvors aðila fyrir sig. Sambandið hafi frumkvæði að gerð lagafrumvarps þess efnis.
- 3.4.3. Vinna að lögbindingu kostnaðarmats allra lagafrumvarpa, reglugerðardragna og annarra stjórnvaldsfyrirmæla er áhrif hafa á fjárhag sveitarfélaganna.
- 3.4.4. Vinna að því að lögfestar verði reglur um efnahagssamráð ríkis og sveitarfélaga.

- 3.4.5. Vinna að því að lögfestar verði fjármálaeðglur fyrir sveitarfélögin. Við útfærslu þeirra þarf að vera tryggður nauðsynlegur sveigjanleiki þannig að tekið sé tillit til ólíkra aðstæðna sveitarfélaga og eðlilegra sveiflna í rekstrarumhverfi þeirra.

### **3.5. Lýðræði í sveitarfélögum**

#### **Sambandið skal:**

- 3.5.1. Gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins við endurskoðun stjórnarskrárinnar.
- 3.5.2. Vinna að því að tryggð verði réttarfarsleg úrræði við brot á sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga.
- 3.5.3. Styðja sveitarfélögin við að ná tökum á þátttökulýðræði og öðrum nýmælum í lýðræðisátt.
- 3.5.4. Vinna að því að sveitarstjórnir taki siðferðisleg álitafni og viðbrögð við þeim til umræðu innan sinna sveitarfélaga og setji sér siðareglur. Á vegum sambandsins verði kynntar hugmyndir að fyrirmyndum að siðareglum sveitarstjórna.
- 3.5.5. Gera könnun á því hvort sveitarstjórnarmenn séu fylgjandi því að kjördagur verði fluttur frá vori til hausts.
- 3.5.6. Láta gera úttekt á kostum og göllum mismunandi aðferða við persónukjör og standa fyrir umræðum um málið á sveitarstjórnarstigi.
- 3.5.7. Vinna að því að ákvæðum um útstríkanir í lögum um kosningar til sveitarstjórna verði breytt til samræmis við samsvarandi ákvæði í lögum um kosningar til Alþingis.

### **3.6. Jafnréttismál**

#### **Sambandið skal:**

- 3.6.1. Hvetja og styðja sveitarfélögin í því að ná fram jafnrétti kynjanna í reynd, m.a. í gegnum Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum.

### **3.7. Málefni íbúa af erlendum uppruna**

#### **Sambandið skal:**

- 3.7.1. Leggja sitt af mörkum til að tryggja hagsmuni nýrra íbúa af erlendum uppruna, bæði barna og fullorðinna, í samstarfi við þá, þannig að þeir öðlist sem fyrst sömu stöðu og aðrir íbúar og séu viðurkenndir og virkir þátttakendur í samfélaginu í hverju sveitarfélagi.
- 3.7.2. Aðstoða sveitarfélög við að vinna saman að málefnum innflytjenda og læra hvert af öðru.
- 3.7.3. Fylgja því eftir að markmið og tillögur í stefnumótun sambandsins í innflytjendamálum frá árinu 2009 komist til framkvæmda og sveitarfélög fari eftir þeim ábendingum sem þar eru settar fram.
- 3.7.4. Stuðla að því að hagsmunir innflytjenda og barna þeirra séu samþættir inn í alla stefnumótun, stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaga.
- 3.7.5. Styðja við að innflytjendur þekki réttindi sín og skyldur sem íbúar og hafi greiðan aðgang að þjónustu sveitarfélaga.
- 3.7.6. Vinna að því að opinber þjónusta birtist innflytjendum sem ein heild án tillits til þess hvort ríki eða sveitarfélög beri ábyrgð á þjónustunni.

### 3.8. Alþjóðamál

#### Sambandið skal:

- 3.8.1. Standa vörð um hagsmuni sveitarfélaga gagnvart ESB, standa fyrir upplýstri umræðu um Evrópumál, bæði vegna EES-samningsins og aðildarumsóknar og miðla hlutlægum upplýsingum m.t.t. hagsmuna sveitarfélaga.
- 3.8.2. Vinna að því að sveitarfélög geti nýtt sér tækifærin sem liggja í norrænu og öðru evrópsku samstarfi og alþjóðasamstarfi, bæði til ávinnings og framþróunar starfsemi sinnar og til að miðla þekkingu sinni til aðila í öðrum löndum.

### 3.9. Félagsþjónusta

#### Sambandið skal vinna að því:

- 3.9.1. Að félagslegur stuðningur sé skilgreindur út frá þörfum þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem þurfa á aðstoð að halda, óháð aldri, heilbrigði eða fötlun þeirra og stefna að því að lög um félagsþjónustu muni ná til allra og sérlög um einstaka hópa verði felld úr gildi.
- 3.9.2. Að áfram verði sinnt útfærslu á þjónustu við fatlað fólk og fjármögnun hennar verði tryggð og henni dreift markvisst, m.v. þarfir hvers þjónustusvæðis.
- 3.9.3. Að þróuð verði notendastýrð, persónuleg aðstoð í nærþjónustu sveitarfélaga og að hún verði innleidd þar sem slík aðstoð á við.
- 3.9.4. Að áfram verði undirbúnaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða. Skilgreindir verði þeir þjónustubættir sem æskilegt er talið að flytja út frá því að sveitarfélögin sinni allri nærþjónustu við aldraða. Í því sambandi verði heimahjúkrun sérstaklega skoðuð auk þess sem gerð verði athugun á flutningi heilsugæslunnar til sveitarfélaga.
- 3.9.5. Að tryggt verði að þeir sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum njóti starfsendurhæfingar og vinnumarkaðsúræða sem Vinnumálastofnun býður.
- 3.9.6. Að sveitarfélögin tengist Vinnumálastofnun með markvissari hætti en nú er og að sveitarfélögunum verði falið stærra hlutverk við vinnumiðlun.
- 3.9.7. Að hugað verði sérstaklega að þörfum atvinnulausra námsmanna og reynt að koma til móts við þarfir þeirra með atvinnuátaksverkefnum sem sveitarfélögin annist með fjármögnun frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

### 3.10. Húsnæðismál

#### Sambandið skal vinna að því:

- 3.10.1. Að húsnæðisbætur verði verkefni ríkisins og fjármagnaðar af ríkissjóði. Í áföngum verði unnið að sameiningu húsaleigubóta og vaxtabóta í einar húsnæðisbætur. Húsnæðisbætur miðist fyrst og fremst við þarfir einstaklinga og fjölskyldna óháð búsetuformi eða tegund húsnæðis. Þess verði jafnframt gætt að samtímastuðningur verði að ræða.
- 3.10.2. Að kostnaðarþátttaka ríkisins vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði fest við 60% hlutdeild óháð þróun heildarútgjalda vegna bótanna, þar til nýtt kerfi húsnæðisbóta verði tekið upp.
- 3.10.3. Að stuðlað skuli að fjölbreyttum og sveigjanlegum húsnæðismarkaði sem tryggir öllum öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegu verði og að leigjendur íbúðarhúsnæðis hafi möguleika á langtímaleigu til að tryggja búsetuöryggi þeirra til langs tíma. Sérstaklega verði hugað að því hvernig tryggja megi framboð af ódýru og öruggu húsnæði til leigu eða kaups fyrir núverandi og næstu kynslóðir ungs fólks.

- 3.10.4. Að stefnt skuli að uppbyggingu öflugs og almenns leigumarkaðar og skilgreint hvernig styðja megi kröftuglega við þróun hans með aðkomu sveitarfélaga, ríkis, lífeyrissjóða og einkaaðila. Gætt skal að því að tryggja félagslegan fjölbreytileika í einstökum hverfum sveitarfélaga.
- 3.10.5. Að Varasjóði húsnæðismála verði tryggt aukið fjármagn til að auðvelda sveitarfélögum að selja íbúðir þar sem áhvílandi lán vegna félagslegra eignar- og leiguíbúða eru hærrí en markaðsverð eignanna.
- 3.10.6. Sérstaklega verði hugað að búsetuúrræðum aldraðra og hópa sem þurfa sérstakan stuðning, þannig að fólk geti búið heima með aðstoð, kjósi það sjálft.

### **3.11. Fræðslu- og uppeldismál**

#### **Sambandið skal:**

- 3.11.1. Hafa velferð barna að leiðarljósi í aðkomu sinni að skólamálum sveitarfélaga og það mikilvæga hlutverk alls skólastarfs að stuðla að alhliða þroska þeirra og virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.
- 3.11.2. Styðja sveitarfélög í að marka sér sjálf áherslur og stefnu um skólamál innan ramma laga og reglugerða.
- 3.11.3. Vinna að því að lög um skólamál séu almenn rammalög sem virði sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga.
- 3.11.4. Stuðla að því að aðalnámskrár dragi fram megináherslur skólastarfsins og gefi svigrúm til fjölbreytni og sveigjanleika hvers sveitarfélags til að útfæra skólastarfið.
- 3.11.5. Vinna að skilvirku samstarfi ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga vegna barna á leik- og grunnskólaaldri sem búa við fötlun, sjúkdóma og aðrar sérstakar aðstæður. Mikilvægt er að greina og leysa úr kerfislægum vanda í þessu skyni.
- 3.11.6. Stuðla að því að tilraun verði gerð með rekstur framhaldsskóla á vegum sveitarfélaga. Vinna að því að skilgreina með skýrum hætti rekstrar-, kostnaðar- og faglega ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á tónlistarskólum og sjálfstætt reknum skólum.
- 3.11.7. Stuðla að því að kjarasamningar styðji við framþróun, sveigjanleika og nýbreytni í skólastarfi.
- 3.11.8. Efla samstarf mennta- og menningarmálaráðuneytisins og sambandsins um mat og eftirlit með skólastarfi. Skoða kosti þess og galla að stytta samanlagðan árafjölda grunn- og framhaldnáms og auðvelda flæði nemenda milli þessara skólastiga.
- 3.11.9. Meta áhrif lengingar kennaranáms með tilliti til launakostnaðar sveitarfélaga, fjölda nýnema, stjórnunarþáttar námsins og nýliðunar í stéttinni.

### **3.12. Umhverfis- og hreinlætismál**

#### **Sambandið skal vinna að því að:**

- 3.12.1. Sjálfbær þróun verði leiðarljós sveitarfélaga í umhverfismálum.
- 3.12.2. Löggjöf og skipulag úrgangsmála á hverjum tíma stuðli að sjálfbærri meðhöndlun úrgangs, en taki jafnframt mið af íslenskum aðstæðum. Áhersla verði lögð á skýra framtíðarsýn af hálfu stjórnvalda ríkis og sveitarfélaga og stöðugleika í lagaumhverfi þjónustunnar.
- 3.12.3. Áhersla verði lögð á að eftirliti með starfsleyfisskyldri atvinnustarfsemi verði að meginstefnu sinnt af staðbundnum stjórnvöldum.
- 3.12.4. Tryggja að samráð sé haft við samtök sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarfélög við gerð opinberra áætlana sem hafa áhrif á nýtingu auðlinda,

svo sem fallvatna, jarðhitasvæða og strandsvæða, eða skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Jafnframt verði tryggð aðkoma sveitarfélaga að ákvörðunum um nýtingu þjóðlendna og málefni þjóðgarða.

- 3.12.5. Fram fari heildstæð umræða um framkvæmd náttúruverndarlaga og framtíðarsýn um fjölda friðaðra náttúrusvæða. Við ákvarðanir um friðun og verndun landsvæða verði ávallt haft samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga.

### **3.13. Skipulags- og byggingarmál**

#### **Sambandið skal vinna að því að:**

- 3.13.1. Landsskipulagsstefna verði unnin í góðri sátt við sveitarfélög og samtök þeirra. Þau tækifæri sem felast í gerð landsskipulagsstefnu verði nýtt til þess að bæta verklag við gerð skipulagsáætlana og annarra opinberra áætlana og auka samræmi í áætlanagerð á landsvísu.
- 3.13.2. Vegalög verði endurskoðuð með hliðsjón af markmiðum skipulagslaga. Við þá vinnu verði lögð áhersla á að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögum og að ekki er hægt að una því að ákvarðanir stofnana ríkisins séu æðri skipulagsáætlunum sveitarfélaga.
- 3.13.3. Skaðabótaákvæði skipulagslaga verði endurskoðuð með hliðsjón af samsvarandi ákvæðum í nágrannaríkjum.
- 3.13.4. Hvetja sveitarfélög til þess að vinna svæðisskipulagsáætlanir sem taki mið af sóknaráætlunum fyrir viðkomandi landshluta.
- 3.13.5. Leita leiða til að draga úr kostnaði sveitarfélaga við skipulagsvinnu. Í því sambandi verði m.a. hugað að eftirfarandi:
  - samstarfi ríkis og sveitarfélaga um kaup og leigu á landupplýsingum,
  - að settar verði skýrari reglur um fornleifaskráningu,
  - bættu verklagi og auknu samstarfi sveitarfélaga og stofnana ríkisins, m.a. um staðsetningu vega í skipulagsáætlunum og framkvæmd friðlýsinga.

### **3.14. Umferðar- og samgöngumál**

#### **Sambandið skal vinna að því að:**

- 3.14.1. Stuðningur við almenningsamgöngur verði aukinn með beinum fjárframlögum frá ríki auk þess sem skattaálögum verði létt af þeim. Landshlutasamtök fái aukið hlutverk við skipulagningu almenningsamgangna.
- 3.14.2. Við stefnumótun í samgöngumálum verði vistvænar samgöngur settar í forgang með því að styðja sérstaklega við notkun vistvænna orkugjafa, draga úr neikvæðum áhrifum af bílaumferð og auka jafnræði ólíkra samgöngumáta.

### **3.15. Byggða- og atvinnumál**

#### **Sambandið skal:**

- 3.15.1. Vinna að því að stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar verði einfaldað og endurskipulagt og að grundvöllur atvinnuþróunarfélaga sveitarfélaga í því kerfi verði styrktur.
- 3.15.2. Styðja sveitarfélög og landshlutasamtök við vinnu að samþættingu opinberra áætlana og gerð sóknaráætlana fyrir einstaka landshluta, skv. stefnumörkuninni Ísland 2020 og vinna að því að ríkið tryggi fjármögnun einstakra verkefna.
- 3.15.3. Stuðla að rannsóknum í byggðamálum þar sem m.a. verði leitað orsaka neikvæðrar byggðaþróunar.

- 3.15.4. Styðja við stækkun og eflingu sveitarfélaga með frjálsum sameiningum og eflingu íbúalýðræðis. Sambandið er jafnframt tilbúið til viðræðna um útfærslu á öðrum leiðum hvað þetta varðar.
- 3.15.5. Leggja áherslu á að þjónusta á vegum ríkisins verði sem víðast á landsbyggðinni til að auka fjölbreytni starfa og breikka menntun.
- 3.15.6. Að tryggt verði eins og kostur er að heilbrigðisþjónusta sé örugg og aðgengileg um allt land. Góð heilbrigðisþjónusta er einn af hornsteinum velferðar og heilla íbúanna og getur skipt sköpum í búsetuvali.
- 3.15.7. Vinna að því að byggðamál verði vistuð í sama ráðuneyti og sveitarstjórnarmál ásamt samgöngu-, skipulags- og byggingarmálum.

### **3.16. Aðrir málaflokkar**

#### **Sambandið sinnir:**

- 3.16.1. Æskulýðs- og íþróttamálum, menningarmálum og brunavarna- og almannavarnamálum og lýðheilsumálum með almennum hætti, s.s. með umsögnum vegna laga- og reglugerðarbreytinga og stjórnvaldsfyrirmæla auk upplýsingamiðlunar, en takmarkað faglegum viðfangsefnum í þessum málaflokkum. Tekin verði upp vinna við að skilgreina aukna aðkomu sambandsins að þessum málum.